

Reiknistofa lífeyrissjóða hf.

Samantekt og helstu niðurstöður úttektar á samningi milli Reiknistofu lífeyrissjóða hf. og Inits ehf.

Reykjavík, 7. júlí 2021



Reiknistofa lífeyrissjóða hf.
Guðrúnartúni 1
105 Reykjavík

Almar Guðmundsson
framkvæmdastjóri

Ráðgjafarsvið EY
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Guðjón Norðfjörð
Sviðsstjóri rekstrarráðgjafar

Ráðgjafarsvið
guðjon.nordfjor@is.ey.com

Jón Valdimarsson
Yfirverkefnastjóri

Ráðgjafarsvið
jon.valdimarsson@is.ey.com

Úttekt á samningi milli RL og Inits

7. júlí 2021

Stjórn og framkvæmdastjóri Reiknistofu lífeyrissjóða hf. (hér eftir „RL“) óskuðu eftir því að Ernst og Young ehf. (hér eftir “EY“ eða „við“) framkvæmdi úttekt á samningi milli RL og Inits ehf., kt. 570913-1150 og eftir atvikum Inits-reksturs ehf., kt. 690506-2700, ásamt framkvæmd aðila á meðhöndlun samningsins. Um úttektina gildir samningur milli RL og EY, dags. 20. maí 2021, en þar kemur nánar fram eftirfarandi um umfang úttektarinnar:

Úttektin miðast við tímabilið frá því samningur var gerður milli aðila árið 2013 og til undirritunar þessarar verklýsingar. Framvinda frá úttekt sem RL lét framkvæma á árinu 2016, og fram til gildistöku nýs samnings árið 2017 skal skoðuð sérstaklega, þ.e. skoða skal tilurð og framkvæmd þess samnings sem er í gildi núna. Við úttektina skal einnig yfirfara m.a. á lit lögræðinga hvors aðila, fundargerðir og samskipti milli aðila, með það að markmiði að koma auga á atriði sem hefðu mátt betur fara við samningagerð milli RL og Inits og hvernig RL hefði getað betur stutt við eftirfylgni og framkvæmd samningsins. Efni úttektarinnar felst helst í eftirfarandi þáttum:

- a) Framkvæmd og efndir Inits ehf. á efni samnings
 - i) Framkvæmd Inits á þeim þjónustupáttum sem samningurinn tilgreinir.
 - ii) Var nægjanlega vel skilgreint hvernig Inits sinnti þjónustunni?
 - iii) Hlítning Inits við önnur samningsákvæði, s.s. hvað varðar undirverktöku
 - iv) Samningssamband og sala Inits á þjónustu á grunni kerfisins til þriðja aðila
 - v) Skilgreining á alvarleika og eðli brota Inits á samningi, ef þau finnast
- b) Framkvæmd RL á samningi
 - i) Eftirfylgni RL með ákvæðum samnings
 - ii) Almenn ákvæði samnings
 - Gjaldskrá og skýrleiki hennar
 - Gildistökuákvæði 12. gr.
 - Heimild Inits til sölu á afnotum af kerfinu án ágóðahlutdeildar
 - Önnur atriði sem upp kunna að koma
 - iii) Leiðir til úrbóta hvað varðar efni og eftirfylgni samninga um útvistun upplýsingatækni (óháð hver mótaðili er)

Ráðgjafarsvið EY
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Guðjón Norðfjörð
Sviðsstjóri rekstrarráðgjafar

Ráðgjafarsvið
guðjon.nordfjorð@is.ey.com

Jón Valdimarsson
Yfirverkefnastjóri

Ráðgjafarsvið
jon.valdimarsson@is.ey.com

Úttekt á samningi milli RL og Inits, frh.

Vinna okkar við úttektina hófst seinni hlutann í maí 2021 og skiluðum við drögum þann 4. júlí og lokaskýrslu þann 6. júlí 2021.

Við yfirferð okkar á þeim gögnum sem við fengum afhent við upphaf úttektar voru unnar fyrirspurnir til bæði RL og Inits. Fyrirspurnirnar voru allar sendar til beggja aðila og óskað viðbragða við þeim. Fyrirspurnir sem eingöngu beindust að RL voru einnig sendar til Inits og öfugt til að gefa báðum aðilum kost á að koma með viðbrögð við öllum fyrirspurnum og viðbótarfyrirspurnir ef aðilar teldu tilefni til þess. Unnið var úr svörum frá báðum aðilum, unnar frekari fyrirspurnir og gagnaöflun og í kjölfarið voru haldnir fundir til að yfirfara samantektir eftir úrvinnslu þar sem aðilum gafst kostur á að koma með ábendingar við þann hluta sem snéri að hvorum aðila fyrir sig. Drög að úttektinni voru send þann 4. júlí 2021 til RL og Inits til yfirlstrar þar sem aðilum var gefinn kostur á að koma með ábendingar vegna mögulegra rangfærslna eða rangra upplýsinga í skýrslunni.

Við viljum benda á að ekki er hægt að líta svo á að úttekt sem þessi sé það yfirgrípsmikil að öll vafaatriði komi fram og að öllum spurningum er varða samninga og samskipti RL og Inits sé svarað. Umfang þessarar úttektar ræðst m.a. af þeim gögnum og upplýsingum sem okkur hafa borist, ásamt þeim tímamörkum sem okkur eru sett.

Vinna okkar felur ekki í sér endurskoðun og miðast ekki við að veitt sé endurskoðunarálit á þeim gögnum og upplýsingum sem liggja til grundvallar, né heldur innra eftirliti eða annað slíkt sem almennt myndi teljast til endurskoðunar.

Við gerð þessarar skýrslu er gengið út frá því að þær upplýsingar og gögn sem móttekin hafa verið í tengslum við úttektina séu rétt og að ekki liggja fyrir frekari upplýsingar né gögn um þau atriði sem spurt hefur verið um.

Einnig er gengið út frá því að afrit sem við höfum fengið séu ígildi frumrita og að þeir aðilar sem hafa afhent okkur gögn og veitt okkur upplýsingar hafi haft til þess fullt umboð og að EY hafi heimild til að vinna úr og fjalla um þau gögn og upplýsingar í skýrslunni.

Úttekt EY er óháð úttekt unnin að beiðni stjórnenda RL í tengslum við atburði sem leiddu til uppsagnar á núverandi samningi milli RL og Inits. Þessi samantekt fjallar um umfang úttektarinnar og helstu niðurstöður og hefur EY veitt RL heimild til að birta efni þessarar samantektar opinberlega. Áréttað er að ábyrgð EY er eingöngu gagnvart RL sem verkkaupa og notanda úttektarinnar. Varðandi aðra fyrirvara og takmarkanir vísast til almennra skilmála og skilyrða Ernst & Young.

Samantekt og helstu niðurstöður

Fyrir liggur samningur milli RL og Inits um rekstur, þjónustu, hýsingu og framþróun hugbúnaðarkerfisins Jóakims, dags. 20. október 2017 (Samningurinn). Jóakim (Kerfið) er útbreiddasta lífeyris- og félagakerfi á Íslandi sem þjónar helstu þörfum lífeyrissjóða og verkalyðsfélaga.

Segja má að samningssamband RL og Inits nái allt aftur til ársins 2006 þegar Init-rekstur var stofnað og hét þá Init. Það félag sinnti sambærilegri þjónustu og rekstri og Init gerir nú, fyrir RL. Í nóvember 2013 var stofnað nýtt félag, Init og nafni gamla Inits breytt í Init-rekstur. Nýr samningur var þá gerður milli RL og nýstofnaða félagsins, Inits. Í kjölfar úttektar sem RL lét framkvæma á árinu 2016 var þeim samningi sagt upp í nóvember 2016, með það að markmiði að ná fram nýjum samningi í lok maí 2017. Nýr samningur var þó ekki undirritaður fyrr en 20. október 2017.

Kerfið er mikilvægur innviður í rekstri og utanumhaldi lífeyrissjóðanna og því er rekstraröryggi Kerfisins gríðarlega mikilvægur þáttur. RL sem eigandi Kerfisins ber mikla ábyrgð gagnvart eigendum sínum sem og sjóðsfélögum og hefur í því sambandi lagt áherslu á rekstraröryggi, traustan rekstraraðila og gæði þjónustunnar. Ákveðin formfesta hefur verið varðandi verkskipulag og vinnuferla samningsaðila. Starfandi hefur verið stýrihópur með fulltrúum RL, sem hefur stýrt áætlanagerð, forgangsroðun verkefna o.fl. er varðar framþróun Kerfisins. Fram kom í samtölum við RL að ánægja er hjá lífeyrissjóðunum með daglega þjónustu Inits og rekstur Kerfisins. Einnig að Init hafi brugðist vel og tímanlega við breytingum í umhverfi lífeyrissjóðanna, t.a.m. varðandi breytingar á lögum.

EY telur ljóst að Samningurinn, með verðskrá og öðrum viðaukum, er ætlað að ná utan um mjög flókið verkefni. Init og starfsfólk þess félags hafa góða þekkingu á málefnum og áskorunum lífeyrissjóða, en einnig búa þau yfir sérþekkingu á þeim þróunartólum sem Kerfið er smíðað í. Það veitir þeim sterka samningsstöðu sem EY telur að hafi sýnt sig í samningsgerðinni við 2017 Samninginn og megi skilja af samtölum og lesa úr samskiptum m.a. milli samningsaðila og annarra á tíma samningsgerðarinnar.

Samningsaðilar virðast ekki hafa gengið í takt í samningsgerðinni 2017. Samkvæmt RL var þó reynt að endurskapa traust milli aðila og var nálgun RL við samningagerðina á þann veg. Tekist var á um ýmis atriði og telur EY að

með því hafi í reynd orðið til samningur sem sé ekki nægileg vel útfærður eða skýr og að staða mála í dag endurspegli það. EY telur að þessir meintu ágallar Samningsins séu meira í óhag fyrir RL en Init, sérstaklega þar sem samningurinn er óskýr sem gerir allt eftirlit og eftirfylgni RL erfiðar fyrir.

Samningi frá í nóvember 2013 var sagt upp í nóvember 2016 og gildi 12 mánaða uppsagnafrestur, sem hefði runnið út í nóvember 2017. Að loknum þeim tíma hefði RL þurft að taka við Kerfinu og rekstri þess. EY veltir því fyrir sér hvort myndast hafi mikil tímapressa að koma á nýjum samningi sem leitt hafi til samnings með meintum ágöllum. Samningurinn var þó hugsaður til skamms tíma eða tveggja ára og markmið að fljótlega yrði samið um þróun á nýju kerfi og þá væntanlega gerður nýr samningur á grundvelli þess.

Við yfirferð komu fram atriði þar sem EY telur að skort hafi eftirfylgni af hálfu RL og í einhverjum tilfellum hafi RL ekki framfylgt eða staðið við ákvæði í Samningnum. Einnig komu fram dæmi þar sem RL túlkar ákveðna hluta með tilteknum hætti þar sem EY deilir ekki sömu sýn. EY telur einnig að í yfirferð hafi komið fram ýmis atriði þar sem Init hefur ekki farið eftir eða staðið við tiltekin ákvæði Samningsins.

Helstu ályktanir og ábendingar EY eftir úttekt á Samningnum eru eftirfarandi:

- EY telur að Init hafi brotið ákvæði í Samningnum, sem kveður m.a. á um að Init sé óheimilt að ráða undirverktaka án skriflegs samþykkis RL, þar sem ekki var gerður formlegur samningur á milli Init og Init-rekstrar og hann borinn undir RL og fengið skriflegt samþykki fyrir honum. RL hefur verið upplýst um tilurð Inits-rekstrar og að viðskipti hafi verið milli félagsins og Inits frá því að 2013 samningurinn var gerður. RL gekk á eftir því að samningur yrði gerður á milli Inits og Inits-rekstrar, sem Init hefur ekki brugðist við. Þetta má sjá m.a. í bréfi þáverandi stjórnarformanns RL til Inits, dags. 1. mars 2016 og í bréfi lögmanns til Inits, fyrir hönd RL, dags. 1. júní 2016.

Samantekt og helstu niðurstöður

- ▶ Það vekur athygli að tekjur Init-rekstrar eru verulega umfram rekstrargjöld, allt frá því samningur var undirritaður í nóvember 2013 milli RL og Inits. Einnig að stærstur hluti arðgreiðslna hefur verið greiddur út úr Init-rekstri en ekki Init. Þá liggja ekki fyrir verðútreikningar eða aðrar áreiðanlegar forsendur að baki þóknunum sem Init-rekstur fékk greiddar frá Init. Þannig er erfitt að sjá rekstrarlegan tilgang fyrir hluta af tekjum Init-rekstrar, einnig í ljósi þess hversu háar þær hafa verið umfram rekstrargjöld.
- ▶ EY telur að Init hafi brotið ákvæði í Samningnum, sem kveður m.a. á um að Init sé óheimilt að ráða undirverktaka án skriflegs samþykkis RL, þar sem ekki voru gerðir formlegir samningar á milli Inits og þriggja félaga í eigu starfsmanna og þeir bornir undir RL og fengið skriflegt samþykki fyrir þeim. RL hafði upplýsingar um verktakagreiðslur til starfsmanna, a.m.k. frá því úttekt sem RL lét framkvæma á árinu 2016 lá fyrir. Einnig hafði RL leitast eftir að fá nánari upplýsingar um verktakagreiðslur til starfsmanna, sbr. tölvupóstsamskipti þar um á árunum 2019 og 2020.
- ▶ EY telur mikilvægt að ársreikningur þjónustuaðila RL sé endurskoðaður en áritun endurskoðanda á ársreikning Inits er einungis fagleg aðstoð við gerð ársreiknings.
- ▶ Að mati EY vantar skýringar með verðskrá, sem er hluti af Samningnum, sem gerir hana skýrari. Það er t.d. ekki ljóst í verðskránni hvort afslættir eigi að taka til fjárhæða yfir tilteknum mörkum eða allrar fjárhæðarinnar. Skýra mætti samhengi eigendaafsláttar og magnafsláttar, upplýsingar um hvort fjárhæðir eru með eða án virðisaukaskatts vantar o.fl.
- ▶ Svo virðist sem kjör til annarra notenda Kerfisins en til þeirra sem eru innan RL hafi áhrif á afslætti til eigenda RL sem og mögulega aukið framlag inn í sameiginlega sjóði til þróunar og uppbyggingar á Kerfinu. Það er þó ekki ljóst að mati EY hversu mikið það framlag er eða hvernig áhrif kjara annarra notenda reiknast inn í afslættina.
- ▶ Þegar RL og Init undirrituðu Samninginn var Init ekki með neinn þjónustusamning við hýsingaraðila kerfisins þrátt fyrir að það sé fullyrt í Samningnum. Sá þjónustusamningur sem var í viðauka er samningur Init-rekstrar við hýsingaraðilann, en enginn samningur hefur verið milli Inits og Inits-rekstrar svo í reynd hefur keðja útvistunar verið slitin og Samningurinn rangur hvað þetta atriði varðar. Samningsaðilar hafa þannig útvistað hýsingu og hluta rekstrar til aðila sem þeir hafa ekki samningssamband við.
- ▶ Init gerði nýjan samning við hýsingaraðila Kerfisins þann 20. desember 2018 um hýsingu og ýmsa aðra þjónustu. Sá samningur hefur ekki verið sendur. RL eða kynntur þeim. Hann hefur því ekki verið formlega staðfestur eins og Samningurinn geri skýra kröfu um. Samningurinn við hýsingaraðila Kerfisins hefur þannig ekki tekið gildi og orðið fylgiskjal Samningsins. Að mati EY hefur Init brotið þetta ákvæði Samningsins og í raun er enn ekki til staðar gilt samningssamband milli samningsaðila og hýsingaraðila, út frá sjónarmiði Samningsins.
- ▶ Í Samningnum eru tilvísanir í innri verklagsreglur Init sem skuldbindandi kröfur, án þess að lýsing á innihaldi þeirra sé í viðauka. Innri reglur Inits eru þannig einhliða undir fullri stjórn þeirra sjálfra án beinnar aðkomu RL. Það gerir það að verkum að RL á erfitt með að hafa eftirlit og eftirfylgni með framkvæmd og breytingum á reglunum. Verklag og framkvæmd sem innri reglur Inits taka til eru mikilvægur þáttur í rekstri Kerfisins og þar með Samningnum. Samningaðilar hafa ekki framfylgt sameiginlegri ábyrgð sinni á árlegri yfirferð á verklagsreglum Inits og skyldu RL að samþykkja þær breytingar, í samræmi við ákvæði Samningsins.
- ▶ Heildarumgjörð samningsmála er varða persónuverndarmál er óljós. Það er ekki samræmi á milli samninga um hver sé skilgreindur þar sem Ábyrgðaraðili annars vegar og hver sé skilgreindur Vinnsluaðili hins vegar í skilningi laganna. Hér er átt við Samninginn, vinnslusamninga einstakra lífeyrissjóða við Init og samning Inits við hýsingaraðila.

Samantekt og helstu niðurstöður

- ▶ Í einum af köflum Samningsins koma fram kvaðir á Init sem snúa m.a. að upplýsingaskyldu til RL, lántöku og öðrum skuldbindingum ásamt samþykki og forkaupsrétti RL vegna sölu á hlutum í Init. Ágreiningur hefur verið milli RL og Inits um hvort greinar kaflans séu virkar og þar með skuldbindandi. EY telur að með því orðalagi sem kemur fram í upphafi kaflans þá séu framangreindar kvaðir ekki skuldbindandi.

Önnur atriði

- ▶ EY vill benda á að það vantar ákvæði í Samninginn sem tekur á því hvort starfsmönnum Inits sé heimilt að sinna öðrum störfum samhliða vinnu fyrir RL.
- ▶ EY vill benda á að ekki eru skýr ákvæði í Samningnum er varða heimildir Inits til að selja öðrum notendum en RL aðgang að Kerfinu. Í Samningnum er eingöngu fjallað um aðra notendur en ekki ákvæði er varða samningssamband Inits við aðra notendur, útfærslu þeirra samninga, hvort eða hvernig RL getur haft ávinning af því sem eigandi Kerfisins eða annað. Þessu til viðbótar vill EY benda á að fari fram yfirtaka á Kerfinu mun RL yfirtaka samninga Inits við aðra notendur og þær skuldbindingar sem þeim fylgja, án þess að RL hafi haft aðkomu eða sett tiltekinn ramma um slíka samninga.